

Föstudaginn 6. maí 1983.

Nr. 52/1981. **Guðbjörn Breiðfjörð**

Hjálmar Pálmason

Gylfi Pálmason

Gunnlaugur Eggertsson

Heimir Ágústsson

Eggert Jónsson

Jón Guðmundsson

Ólafur Þórhallsson

Tryggvi Eggertsson

Örn Gíslason

Stefán Steinar Benediktsson

Ástvaldur Benediktsson

Ingólfur Sveinsson

Sveinn Danielsson og

Jakob Ágústsson

(Gunnar Sæmundsson hdl.)

gegn

Veðifélagi Miðfirðinga og

landbúnaðarráðherra f. h. ríkissjóðs

(Jónas A. Aðalsteinsson hrl.).

Ómerking. Máli vísað frá héraðsdómi. Kröfugerð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús P. Torfason, Björn Sveinbjörnsson, Halldór Þorbjörnsson og Magnús Thorodd-sen og Guðrún Erlendsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjendur hafa, að fengnu áfrýjunarleyfi, útgefnu af dómsmála-ráðherra 19. febrúar 1981 samkvæmt heimild í 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973, skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 20. febrúar 1981.

Dómkröfur áfrýjenda eru, að viðurkenndur verði réttur ábú-enda/eigenda eignarjarða áfrýjenda, Svalbarðs, Bergsstaða I og II, Hjallholts, Sauðár, Syðri-Sauðadalsár, Almennings, Skarðs, Ytri-Ánastaða, Syðri-Ánastaða, Ytri-Kárastaða, Mið-Kárastaða, Syðri-Kárastaða, Grafar og Lindarbergs, allra í Kirkjuhvammshreppi, til

að stunda veiðar, aðrar en laxveiðar, í netlögum jarðanna alla daga vikunnar. Þá er þess krafist, að stefndu verði in solidum dæmt að greiða áfrýjendum málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en áfrýjendur fengu gjafsókn fyrir Hæstarétti með bréfi dómsmálaráðherra 9. janúar 1981.

Stefndi Veiðifélag Miðfirðinga gerir þær dómkröfur, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur að niðurstöðu til og honum verði dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjenda, eins og málið væri ekki gjafvarnarmál, en veiðifélagið fékk gjafvörn fyrir Hæstarétti með bréfi dómsmálaráðherra 24. nóvember 1981.

Dómkröfur stefnda landbúnaðarráðherra f. h. ríkissjóðs eru þær, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur að niðurstöðu til og áfrýjendur dæmdir til að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Ef dómkrafa áfrýjenda yrði til greina tekin, hlytu þeir dómgildingu á rétti eigenda og/eða ábúenda þeirra jarða, sem í stefnu málsins greinir, til hvers konar veiða fugla, dýra og fiska, annarra en lax, í netlögum jarðanna á hvaða tíma sem er án tillits til sérhverra takmarkana á veiðirétti, sem mælt er fyrir um í lögum, þar á meðal í friðunarlögum. Hina viðtæku kröfu sína hafa áfrýjendur og uppi sameiginlega vegna alls 15 jarða án tillits til staðhátta, er þýðingu kynnu að hafa samkvæmt einstökum lagaákvæðum, er mæla fyrir um takmarkanir á veiðirétti. Samkvæmt þessu eru dómkröfur áfrýjenda svo almennar og óafmarkaðar, að þær eru ekki dómhæfar. Ber þegar af þeirri ástæðu og með hliðsjón af 67. gr. laga nr. 85/1936 að ómerkja héraðsdóminn og vísa málinu sjálfkrafa frá héraðsdómi.

Áfrýjendur greiði stefnda Veiðifélagi Miðfirðinga 9.700.00 krónur í málskostnað í héraði og 10.000.00 krónur fyrir Hæstarétti, er renni í ríkissjóð, en stefnda landbúnaðarráðherra f. h. ríkissjóðs 10.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Gjafsóknarkostnaður áfrýjenda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns þeirra, samtals 14.900.00 krónur.

Gjafvarnarkostnaður stefnda Veiðifélags Miðfirðinga bæði í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns hans, er ákveðast samtals 14.900.00 krónur.

Hinn áfrýjaði dómur er ómerktur og málinu vísað sjálfkrafa frá héraðsdómi.

Áfrýjendur, þeir Guðbjörn Breiðfjörð, Hjálmar Pálmason, Gylfi Pálmason, Gunnlaugur Eggertsson, Heimir Ágústsson, Eggert Jónsson, Jón Guðmundsson, Ólafur Þorhallsson, Tryggvi Eggertsson, Örn Gíslason, Stefán Steinar Benediktsson, Ástvaldur Benediktsson, Ingólfur Sveinsson, Sveinn Daníelsson og Jakob Ágústsson, greiði stefnda Veiðifélagi Miðfirðinga 9.700.00 krónur í málskostnað í héraði og 10.000.00 krónur fyrir Hæstarétti, er renni í ríkissjóð, en stefnda landbúnaðarráðherra f. h. ríkissjóðs 10.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Gjafsóknarkostnaður áfrýjenda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málf lutningslaun skipaðs talsmanns þeirra, Gunnars Sæmundssonar héraðsdómslögmanns, samtals 14.900.00 krónur.

Gjafvarnarkostnaður stefnda Veiðifélags Miðfirðinga bæði í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málf lutningslaun skipaðs talsmanns hans, Jónasar A. Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmanns, samtals 14.900.00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur aukadómpings Húnavatnssýslu 4. júlí 1980.

Mál þetta, sem dómtekið var 1. þ. m., var þingfest 30. júní 1978. Það er höfðað með stefnu, útgefinni 21. júní 1978, af Guðbirni Breiðfjörð, Svalbarði, Hjálvari Pálmasyri, Bergsstöðum, Eggert Karlssyni, Hjallholti, Gunnlaugi Eggertssyni, Sauðá, Heimi Ágústssyni, Syðri-Sauðadalsá, Jóni Guðmundssyni, Ytri-Ánastöðum, Ólafi Þorhallssyni, Syðri-Ánastöðum, Tryggva Eggertssyni, Gröf, Ólafi Sveinsdóttur, Syðri-Karástöðum, og Jakob Ágústssyni, Lindarbergi, öllum í Kirkjuhvammshreppi, Eggert Jónssyni Garðavegi 14, Erni Gíslasyni, Melavegi 3, Stefáni Steinari Benediktssyni, Norðurbraut 17, og Ástvaldi Benediktssyni, Melavegi 2, öllum á Hvammstanga, Pálma Jónssyni, Mávahlíð 45, og Sveini Daníelssyni, Stiga-

hlíð 30, báðum í Reykjavík, á hendur Böðvari Sigvaldasyni, Barði, formanni stjórnar veiðifélags Miðfirðinga, f. h. veiðifélagsins og Halldóri E. Sigurðssyni landbúnaðarráðherra f. h. rikissjóðs.

Sú breyting hefur orðið á málsaðild, eftir að málið var höfðað, að Gylfi Pálmason hefur orðið eigandi Hjallholts og tekið við aðild þeirrar jarðar af Eggert Karlssyni. Þá hefur Ingólfur Sveinsson keypt allan hlut Ólafíu Sveinsdóttur í Syðri-Kárastöðum og tekið við aðild hennar vegna þeirrar jarðar og einnig mestan hluta þess, sem Sveinn Danielsson átti í þeirri sömu jörð, og tekið við aðild hans að öðru en því, að Sveinn á enn smáskika úr jörðinni, sem liggur að sjó. Þá hefur Hjálmar Pálmason orðið eigandi að öllum Bergstöðum og tekið við aðild Pálma Jónssonar vegna Bergsstaða I.

Dómkröfur stefnenda í máli þessu eru þær, að viðurkenndur verði með dómi réttur ábúenda/eigenda framangreindra jarða til að stunda veiðar, aðrar en laxveiðar, í netlögum jarðanna alla daga vikunnar og að stefndu verði in solidum dæmdir að greiða þeim málskostnað að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá LMFÍ, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

Dómkröfur stefnda Veiðifélags Miðfirðinga eru, að félagið verði alfarið sýknað af kröfum stefnenda og þeir dæmdir in solidum til þess að greiða því málskostnað að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá LMFÍ, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

Dómkröfur stefnda landbúnaðarráðherra f. h. rikissjóðs eru þær, að málinu verði vísað frá dómi, og til vara krefst hann algerrar sýknu. Í báðum tilfellum krefst hann fyllsta málskostnaðar, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

Forsaga þessa máls er þessi:

Frá aldaöldi hafa Vatnsnesingar stundað sjó, bæði lagt net frá landi og róið til fiskjar. Eftir því sem fólki fækkaði í sveitum þessum voru þessar veiðar minna stundaðar. Það kemur einnig til greina, að peningalega séð borgi þær sig tæplega nú orðið og meira veitt til þess að fá nýjan silung og vegna veiðigleðinnar.

Tilskipunin um veiði frá 20. júní 1849 tekur af öll tvímæli um, að jarðeigandi einn eigi veiðirétt á jörð sinni og í netlögum hennar. Í lögnum um friðun á laxi nr. 5 frá 19. febrúar 1886 er gert ráð fyrir, að veiða megi lax í sjó. Þessu er breytt með lögum nr. 61 frá 23. júní 1932. Þá er laxveiði í sjó bönnuð, 13. gr., og veiði silungs takmörkuð, sbr. 14. gr.

Með lögnum um lax- og silungsveiði nr. 112 frá 9. október 1941 eru settar nákvæmari og strangari reglur um veiði. Með lögum nr. 58 frá 5. júní 1958 eru settar skilyrtar reglur um, að sömu reglur gildi um silungsveiði í sjó og í ósöltu vatni, en ráðherra á að setja nánari reglur um þetta atriði, sem þó hefur ekki verið gert. Stefnendur þessa máls segjast ekki hafa haft

hugmynd um þetta ákvæði fyrr en upp úr 1970, er farið var að fylgjast með netalögnum í sjó, enda sé slík friðun í sjálfu sér út í hött, því tímunum saman sé ekki hægt að leggja net í sjó vegna veðurs, en svo komi dagur og dagur eða þá góðviðriskafli, sem hægt sé að leggja daglega. Eftir ákvæðum laganna mun því ekki hafa verið farið, fyrr en farið var að taka upp net á friðunartíma. Stefnendur telja þessa helgarfriðun skerðingu á réttindum þeirra, sem eigi rætur allt frá ómunatíð. Þeir telja, að svipting þessara réttindi brjóti í bága við 67. gr. stjórnarskrárinnar, og leita til dómstólanna til þess að fá staðfestingu á þessari skoðun sinni eða að réttur þeirra til þess að leggja net í sjó í netlögum jarða sinna alla daga vikunnar, þegar gefur, verði viðurkenndur.

Stefndi Veidifélag Miðfirðinga gerir þá kröfu, að það verði sýknað. Greinargerð lögmanns þess fjallar þó um efnishlið málsins og virðist byggja sýknukröfu sína á því, að krafa stefnenda eigi ekki stoð í lögum. En í munnlegum málflutningi kom einnig fram, að veiðifélagið sé ekki réttur aðili, eða m. ö. o. sýknukrafa stefnda byggist á aðildarskorti. Á þetta sjónarmið stefnda verður fallist. Stefndi getur engin áhrif haft á lagasmíð í þessu landi umfram það, sem aðrir borgarar geta. Veiðifélagið og starfsmenn þess verða að fara að gildandi lögum, og veiðifélagið á rétt á, að löggæslumenn veiti því sem öðrum aðiljum í landinu sömu vernd og aðstoð við framkvæmd laga sem öðrum borgurum landsins. Krafa stefnenda byggist á því, að viðurkenndur verði réttur þeirra til athafna, sem eru nú bannaðar með lögum. Hvort sem fallist verður á þá kröfu eða ekki, þá verður stefndi Veidifélag Miðfirðinga að taka mið af gildandi lögum. Þessi aðildarskortur kemur gleggst fram í því, að við sáttaumleitanir hefði stefndi Veidifélag Miðfirðinga ekki getað samþykkt heimild fyrir stefndu að leggja net sín á friðunartíma og þannig lokið málinu með sátt. Með tilvísun til 45. gr. einkamálalaga ber því að sýkna stefnda Veidifélag Miðfirðinga af öllum kröfum stefnenda í máli þessu. Málskostnaðarkrafan verður tekin sérstaklega fyrir síðar í dómi þessum.

Stefndi landbúnaðarráðherra f. h. ríkissjóðs gerir þá aðalkröfu, að máli þessu verði vísað frá dómi, en til vara sýknaður af kröfum stefnenda. Frávísunarkrafan kom fram í þinghaldi 24. október 1978 bæði í greinargerð stefnda og einnig bókuð í þingbók. Þessari frávísunarkröfu var synjað með úrskurði aukadómþingsins 30. nóvember 1978. Vísað er til forsendna þess úrskurðar. Við þær forsendur er engu að bæta öðru en því, að undirstrika vald dómstóla til þess að leysa úr lagaþrætum manna og réttaraðilja í þjóðfélaginu og nauðsyn þess, að málin verði krufin efnislega, en ekki sé verið að hengja sig í formsatriðum, sem aðeins fresta og tefja úrlausn deilumálanna.

Á dóm skj. nr. 31 itrekar lögmaður stefnda landbúnaðarráðherra kröfu

sína um frávísun þrátt fyrir áðurgenginn úrskurð um synjun og byggir á þeirri málsástæðu, að honum hafi láðst að geta þess, að frávísunarkrafan hefði átt að byggjast á þeirri höfuðmálsástæðu, að krafa stefnenda samrýmdist ekki 67. gr. einkamálalaga, þar sem verið sé að fiska eftir álit dómsins á vissri lagasetningu án tengsla við nokkra dómkröfu. Í munnlegum málflutningi kom fram, að þar sem ekki væri gerð bein peningakrafa, þá væri krafan þess eðlis, að líta beri á hana sem beiðni um lögfræðilega túlkun dómstólanna á ákveðnu úrlausnarefni.

Á þessa skoðun getur dómurinn ekki fallist. Stefnendur gera kröfu um, að réttur þeirra til þess að leggja net í netlögum jarða þeirra alla daga vikunnar verði viðurkenndur þrátt fyrir lagaákvæðið þar um, því þeir telja, að lagaákvæðin brjóti í bága við stjórnarskrána um óeðlileg höft á athafnafrælsi einstaklinga, er ekki hefur almenningssheill að markmiði. Ef dómstólarinnir fallast á skoðun stefnenda, þá mega þeir leggja net sín í netlögum alla daga vikunnar og þurfa ekki að sæta friðunarákvæðum laganna um lax- og silungsveiði, nú nr. 76/1970, 19. gr., 1. mgr., sbr. 4. mgr. 14. gr. Hafni dómstólarnir hins vegar þessari kröfu, þá verða stefnendur að hlíta þessum ákvæðum. Hér er því um ákveðið úrlausnarefni að ræða, t.d. alveg hliðstætt því, að maður vilji fá viðurkenndan umferðarrétt um ákveðið landsvæði. Þar kæmu engar fjárkröfur til greina. Þetta hefði lögmaðurinn átt að vita, því nýgenginn er dómur í máli, þar sem þessi sami lögmaður gerir kröfu um slíkan umferðarrétt fyrir hönd umbjóðenda sinna.

Úrskurðurinn frá 30. nóvember 1978 um synjun frávísunarkröfu var ekki kærður. Hefði úrskurðurinn verið kærður, gat þetta orðið fordæmismál um, hvernig haga ætti málshöfðunum á hendur ríkisvaldinu, þegar um almennar kröfur er að ræða. Nú er þetta mál þess eðlis, að líkurnar fyrir því, að aðiljar fallist á niðurstöður héraðsdóms, eru hverfandi. Það verður því að telja mjög æskilegt að fá úr því skorið, hverjum á að stefna f. h. ríkissjóðs í málum sem þessum.

Með tilvísun til þess, sem að framan er sagt, getur dómurinn ekki fallist á að vísa málinu frá og synjar því frávísunarkröfu lögmanns stefnda landbúnaðarráðherra f. h. ríkissjóðs.

Málið verður nú tekið til efnislegrar athugunar.

Frá örófi alda hafa menn nytjað veiðidýr, fugla og fiska. Um þessi not eða hlunnindi hefur orðið að setja ákveðnar reglur sem um önnur samskipti manna. Eftir því sem mannfólkinu fjölgaði og tæki þeirra urðu fullkomnari og veiðnari varð löggjafinn að setja ákveðnar reglur um vernd veiðidýra, fugla og fiska.

Lögmaður stefnenda flutti mjög yfirgripsmikla og fróðlega ræðu um veiðiréttindi og hvenær væri nauðsyn friðunar. Svo og liggja fyrir tvær

skriflegar varnir á dómskj. nr. 19 og 20. Þar eru vangaveltur um nauðsyn friðunar og vitnað í greinargerðir með frumvörpum til laxveiðilaga.

Þetta er allt góðra gjalda vert, en kemur ekki til álita hér vegna þess, að það er ekki dómarans að meta þörf friðunar, heldur Alþingis og þeirra stjórnvalda, sem með þau mál fara. Dómsins er aðeins að skera úr um, hvort ákveðnar friðunaraðgerðir séu þess eðlis, að þær verði taldar skerða eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar, eða í þessu tilviki, hvort ákvæðin um helgarfriðun í 19. gr., sbr. 14. gr., 4. mgr., laga nr. 76/1970 brjóti í bága við 67. gr. stjórnarskrárinnar.

Þegar Alþingi setur lög um friðun dýra, fugla eða fiska, taka þau lög til alls landsins. Aðstæður eru mismunandi. Sums staðar er hægt að leggja net fyrir silung í sjó, þótt eitthvað sé að veðri, t. d. innarlega í Eyjafirði, sjá dómskj. nr. 29, en annars staðar má ekkert kula, svo netin komi ekki upp eða fyllist mori eins og á Vatnsnesinu. Það sama á við um ár. Það gilda sömu friðunarreglur, hvort sem áin er stór eða smá, lituð eða bergvatn. Sem dæmi má taka Blöndu og Svartá, sem fellur í Blöndu. Friðunarreglur eru fyrst og fremst settar til þess að viðhalda viðkomandi tegund og því beinlínis settar eigendum hlunninda eða notendum veiðiréttar til gagns. Þetta sjónarmið er yfirleitt viðurkennt. T. d. hefur engum dottið í hug eða a. m. k. ekki barist fyrir því opinberlega að mega skjóta rjúpu á öðrum tíma en lög segja til um, vegna þess að friðunarákvæðin brjóti í bága við fullkominn umráðarrétt hans yfir landareign sinni. Þó er sú skerðing ekkert minni en takmörkun silungsveiða eða svokölluð helgarfriðun.

Það verður að líta svo á almennt séð, að reglur, sem settar eru til verndunar hagsmunum manna í bráð og lengd, brjóti ekki í bága við eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar, ef þær eiga að taka til allra þeirra, sem eins er ástætt um, jafnvel þótt þær skerði möguleika einstakra manna á að hrifsa það úr ríki náttúrunnar, sem þeir gætu, ef engar reglur yður settar.

Það eru ekki rök í þessu máli, að veiði ekki sjávarbændur silunginn, þá sé aðeins verið að hygla bændum, sem eiga land að ánum. Lífsferill sjávarsilungs er nú einu sinni þannig, að hann hrygnir í ám og gengur svo til sjávar í fæðuleit og til vaxtar. Þess venga er það til hags báðum aðiljum, að viðhald stofnsins sé tryggt, en það verður aðeins tryggt með friðunaraðgerðum. Þessar friðunaraðgerðir ganga misjafnlega langt, en séu þær fyrst og fremst gerðar með það markmið að tryggja hæfilega nýtingu veiði eða hlunninda, eru þær ekki andsnúnar eignarréttarákvæðum stjórnarskrárinnar, heldur beinlínis þeim til framdráttar.

Nú á síðustu árum hafa verið sett lög og reglugerðir um takmarkanir og bönn á veiðum ýmissa fiska og raunar einnig fugla og dýra. Í sumum

tilfellum eru gífurlegir hagsmunir í veiði og veiðibann getur þýtt milljónatjón. Samt sem áður sætta menn sig við þetta vegna þess, að þetta er talið nauðsynlegt til verndar afkomu þeirra, er þær veiðar stunda.

Með tilvísun til þess, sem hér að framan er sagt, og til almennrar skilgreiningar á eignarréttarhugtakinu þá verður ekki litið svo á, að fiskverndunarákvæði, svokölluð helgarfriðun, í 19. gr., sbr. 14. gr., 4. mgr., laga um lax- og silungsveiði brjóti í bága við 67. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33 frá 17. júní 1944. Verður því að sýkna landbúnaðarráðherra f. h. ríkissjóðs af kröfum stefnenda í máli þessu.

Eðli málsins samkvæmt þykir rétt að dæma stefnendur til þes að greiða stefnda Böðvari Sigvaldasyni f. h. Veiðifélags Miðfirðinga málskostnað að upphæð kr. 970.000, þar af málsvarnarlaun kr. 490.000.

Að því er snertir stefnda landbúnaðarráðherra f. h. ríkissjóðs þykir rétt, að málskostnaður falli niður. Forsenda þeirrar ákvörðunar er sú, að í laxveiðilögunum nr. 76/1970, í 14. gr., 4. mgr., er gert ráð fyrir reglugerð um þessa umdeildu veiði, sem ekki hefur verið sett. Segja má því, að málshöfðun hafi verið nauðsyn borgurinum til þess að fá þetta mál á hreint.

Þar sem mál þetta er gjafsóknarmál, ber dóminum að ákveða málflytningslaun lögmanns stefnenda. Þykja laun hans og útlagður kostnaður hæfilega ákveðinn kr. 1.235.000, þar af málsvarnarlaun kr. 490.000.

Við ákvörðun launa lögmanna í máli þessu hefur verið tekið tillit til þess, að tvö mál voru rekin samhliða og mjög lík að efni, þannig að gögn notuð í öðru málinu komu einnig að notum í hinu.

D ó m s o r ð:

Stefndi Böðvar Sigvaldason f. h. Veiðifélags Miðfirðinga á að vera sýkn af kröfum stefnenda í máli þessu.

Stefndi landbúnaðarráðherra f. h. ríkissjóðs á að vera sýkn af kröfum stefnenda í máli þessu.

Stefnendur greiði stefnda Böðvari Sigvaldasyni kr. 970.000 í málskostnað, þar af kr. 490.000 í málsvarnarlaun.

Málskostnaður að því er varðar stefnda landbúnaðarráðherra f. h. ríkissjóðs falli niður.

Málskostnaður gjafsóknaraðilja, stefnenda, ákveðst kr. 1.235.000, þar af málsvarnarlaun kr. 490.000.

Dóminum ber að fullnægja innan 14 daga frá birtingu að viðlagðri aðför að lögum.